

Nr. 030/ 09 Geir KE 1**Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 1321
Smíðaður: Vestnes Noregi, 1968
Stærð: 161,7 brl. 242,4 bt.
Mesta lengd: 33,86 m Skráð lengd: 31,35 m
Breidd: 6,4 m Dýpt: 5,7 m
Vél: Caterpillar 526 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 7

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Geir©Haflþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. mars 2009 var Geir KE 1 á dragnótarveiðum á Grindavíkurleir. Veður: SV 12–15 m/s.

Verið var að kasta og þegar baujan var tekin lenti hún og stjórnborðstógið í skrúfunni. Kúplað var frá skrúfu á meðan verið var að hífa í tógið með dragnótarkeflinu á skutnum svo tengja mætti stjórnborðstógið inn á stjórnborðsvinduna. Skera átti á tógin sem lágu niður í skrúfuna áður en kúplað væri að. Sökum misskilnings var dreginn slaki niður á þilfarið og þegar kúplað var að strekktist strax á tóginu og slóst það í einn skipverjann sem kastaðist í þilfarið. Í fallinu rakst höfuð hans í uppistöðustoð afturgálga og síðan út í lunningu en við það missti hann meðvitund í skamman tíma. Skipverjinn var með öryggishjál.

Dragnótin var strax hífð og siglt með slasaða til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að tógið lenti á hálsi slasaða og kom sprunga í hálslið. Að sögn slasaða hefur hann verið illa haldinn og meðal annars eru nokkrir fingur óvirkir;
- að slasaði sagði að þeir hafi verið þrír að vinna við þetta verk og ekki heyrt skipun skipstjóra um að skera á tógið. Hann taldi að hjálmurinn hafi ekki komið í veg fyrir að þeir heyrðu skipun skipstjórans heldur hávaði í spillkerfi.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að baujan lenti í skrúfunni og samskiptum ábótavant vegna hávaða.